

Ágrip

Inngangur: Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) og Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) ráðleggja þjóðum heims að börn fái eingöngu brjóstamjólk fyrstu sex mánuði lífsins og eftir það fái þau holla fæðu með brjóstamjólkinni fram að tveggja ára aldurs. Markmið rannsóknarinnar var að meta brjóstgjöf á Íslandi yfir heila öld. Tengsl tímalengdar brjóstgjafar við aldur mæðra við fæðingu barnsins, líkamsþyngdarstuðul og reykingar, fæðingarár barns og röð þess í systkinahópi er rannsakað.

Efniviður og aðferðir: Notuð voru gögn úr Heilsusögubanka Leitarstöðvar Krabbameinsfélagsins. Upplýsingar eru til um tímalengd brjóstgjafar frá tímabilinu 1979-2008, rannsóknarhópurinn er 36,537 konur. Til eru svör um brjóstgjöf barna sem fædd eru frá 1917-2008.

Niðurstöður: Meðaltímalengd brjóstgjafar jókst upp úr 1980 í öllum aldurshópum mæðra, hjá frumbyrjum og fjölbyrjum. Brjóstgjöf lengdist eftir fæðingarröð í systkinahópi um svipað leyti, börn yngri mæðra fengu brjóst í lengri tíma en eldri börn. Konur í kjölþyngd höfðu börn sín lengst á brjósti en offeitar skemmt. Konur sem reyktu höfðu börn sín skemur á brjósti í samanburði við þær sem aldrei höfðu reykt.

Ályktun: Aukning á brjóstgjöf eftir 1980 er í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna. Um þetta leyti voru settar fram ráðleggingar varðandi heilsueflandi mikilvægi brjóstgjafar fyrir börn og mæður þeirra. Samband brjóstgjafar og reykingarsögu mæðra eru samhljóma erlendum rannsóknum. Áhrif líkamsþyngdarstuðuls og brjóstgjafar er einnig í samræmi við niðurstöður annarra.

Höfundur: Ingibjörg Eiríksdóttir, Elínborg J. Ólafsdóttir, Laufey Tryggvadóttir, Þóra Steingrímsdóttir.